

## 1. Raunhæft verkefni, námskeið vorið 2011

### Ábyrgð skólanefndar þegar skólastjóri sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum

Skólanefndin, sem þú ert fulltrúi í, stendur frammi fyrir því að skólastjóri Greniskóla, grunnskóla í sveitarfélaginu hefur ekki sinnt þeirri lögbundnu skyldu að uppfæra skólanámskrá skólans í mörg ár. Síðasta skólanámskrá sem unnin var birtir alls ekki þær upplýsingar sem hún á að birta samkvæmt lögum og aðalnámskrá og því ekki möguleiki að skólanefnd geti staðfest skólanámskrá skólans eins og henni ber að gera ár hvert skv. 6. grein grunnskólalaga. Það stendur því upp á nefndina að koma þessu máli á réttan kjöl.

Í tæp þrjú ár, eða frá því að ný lög um grunnskóla tóku gildi, hefur starfandi skólafulltrúi í sveitarfélaginu, í samráði við skólanefndina, lagt á það ríka áherslu við skólastjóra Greniskóla að hann gangi í að yfirfara og uppfæra námskrána en þau tilmæli hafa engu skilað. Skólafulltrúinn hefur boðið fram aðstoð sína en skólastjórinn ekki séð ástæðu til að nýta sér það boð.

Fyrir fjórum mánuðum kallaði skólanefndin skólastjóra Greniskóla á sinn fund til að hann gæti gert grein fyrir sínu máli og hann fékk í kjölfar fundarins þriggja mánaða frest til að skila inn til nefndarinnar uppfærðri námskrá. Sú tímamörk stóðust ekki og nú veltir skólanefndin fyrir sér til hvaða aðgerða hún getur gripið.

Hvernig getið þið brugðist við?

- Þið ákveðið að bjóða skólastjóranum utanaðkomandi aðstoð.
- Þið ákveðið að senda formlegt erindi til sveitarstjórnar um að hún ítreki beiðni skólanefndar við skólastjóran og veiti tiltekinn frest til að afgreiða námskrána.
- Þið óskið eftir því að sveitarstjórnin áminni skólastjóra Greniskóla vegna brota á starfsskyldum sínum
- Allt ofangreint.
- Eitthvað allt annað og þá hvað?